

Aðstoð í eigin umhverfi

Stjórn Geðhjálpar hefur undanfarið ár unnið að því að setja fram nýjar hugmyndir að uppbyggingu geðheilbrigðisþjónustunnar í landinu. Lárus Rögnvaldur Haraldsson, gjaldkeri Geðhjálpar, segir það allra hag að geðheilbrigðisþjónustan sé hluti af nærsamfélaginu.

„Það sem við höfum lagt áherslu á er að endurskoða þurfi kerfið í heild sinni og það hefur ýtt okkur af stað. Norræn ráðstefna var haldin á Akureyri í maí í fyrra og þar kynntumst við því sem gert hefur verið víða erlendis, meðal annars í Trieste á Ítalíu og á Írlandi, þar sem geðheilbrigðisþjónustan hefur verið tekin út af geðsjúkrahúsum og færð út í nærsamfélagið. Sjúklingurinn er þannig aðstoðaður í eigin umhverfi í stað þess að hann sé tekinn úr umhverfinu til lækninga.“ segir Lárus en í kjölfar ráðstefnunnar tók stjórn Geðhjálpar það til nánari endurskoðunar hvernig hægt væri að breyta geðþjónustu í landinu.

„Víða erlendis hefur nánast verið lokað á geðsjúkrahúsin og þó að við teljum það fulldrastíft, í það minnsta strax, þá ganga hugmyndir okkar út á það að í Reykjavík og úti á landi sé aðstoð við geðfatlaða í nánasta umhverfi og tilheyri annarri venjubundinni heilbrigðisþjónustu en ekki sérstökum geðspítala. Slíkt krefst náins samstarfs við heilsugæslustöðvar og sveitarfélögin en öll málefni geðfatlaðra eiga að færast til sveitarfélaganna um áramótin,“ segir Lárus og bætir við að á nokkrum stöðum hafi flutningarnir þegar átt sér stað, eins og í Reykjavík og Hafnarfirði, og gengið vel.

„Það hefur sýnt sig vel að þessi hugmyndafræði, að vera ekki með lokaðar stofnanir, heldur bjóða upp á færanlega þjónustu sem hluta af heildarpakka heilsugæslustöðva, hefur reynst vel. Um



Lárus Rögnvaldur Haraldsson hjá Geðhjálp segir reynslu annarra landa af því að færa geðheilbrigðisþjónusta út í nærumhverfið mjög góða. FRÉTTABLAGIÐ/VILHELM

Það hefur sýnt sig vel að þessi hugmyndafræði, að vera ekki með lokaðar stofnanir, heldur bjóða upp á færanlega þjónustu sem hluta af heildarpakka heilsugæslustöðva, hefur reynst vel.

leið snýst þetta um að við séum ekki að fela vandamálin fyrir umheiminum en öll góð samfélög eiga að geta tekið við einstaklingum í öllum sínum fjölbreytileika. Hugmyndir okkar hafa fengið góðan hljómgrunn og við viljum að geðheilbrigðisþjónustan sé hugsuð

upp á nýtt. Í geðsjúkdómum skipta skjót viðbrögð oft mestu máli, að sjúklingar geti auðveldlega nálgast úrræði. Þetta er einfaldlega næsta skref í baráttunni á tímum þar sem fordómar fara minnkandi og fólk er meðvitaðra um geðsjúkdóma.“ -jma